

Nd.

591. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Flm.: Eiríkur Einarsson.

1. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“, í fyrstu málsg. 1. gr. laganna, komi: mjólkurmálastjórn. Í stað orðsins „mjólkursölunefndinni“ í sömu málsgrein komi: mjólkurmálastjórninni.

Á eftir fyrstu málsgrein komi ný málsg., svo hljóðandi:

Rjórnabú eða smjörbú, stofnuð áður en lög þessi öðlast gildi, skulu njóta réttar laganna og hlíta ákvæðum þeirra um meðferð og verzlun vöru sinnar. Teljast slík bú til framleiðendafélaga. En að öðru leyti kallast það framleiðendafélög, er að minnsta kosti 25 mjólkurframleiðendur, sem eigi eru hluttakendur í mjólkurbúi, hafa stofnað til, mjólk sinni til sameiginlegrar hagnýtingar sem markaðsvöru.

2. gr.

Í stað orðsins „landbúnaðarráðherra“, á tveimur stöðum í fyrri málsg. 2. gr. laganna, komi á fyrri staðnum: mjólkurmálastjórn -- og í niðurlagi málsgr.: mjólkurmálastjórnar.

3. gr.

Í stað orðanna „9. gr. c-lið“ í niðurlagi 3. gr. laganna komi: 9. gr. 4. lið.

4. gr.

4. gr. laganna fellur niður.

5. gr.

Á eftir orðunum „3000 lítra ársnytt úr hverri kú“ í 5. gr. laganna, er verður 4. gr., komi: Einnig skal mjólkursölunefnd heimilt að leyfa þeim framleiðendum á verðjöfnunarsvæðinu, er eiga erfiða aðstöðu vegna staðháttar og eigi eru í mjólkurbúi, að selja rjóma og nýtt skyr á sölustöðum umdæmisins beint til neytenda. — Á eftir orðunum „leyft verður að selja mjólk sína“, litlu síðar í sömu lagagrein, komi: rjóma og nýtt skyr. Á eftir orðunum „og afhendingu mjólkurinnar“ komi: rjóma og nýs skyr. Í stað orðsins „mjólkursölunefnd“ í sömu lagagr. komi: mjólkurmálastjórn. Niðurlag 5. gr. laganna, frá og með orðunum „Heimilt er stjórn samsölnnar“ og út greinina, fellur niður.

6. gr.

Upphaf 6. gr. laganna, er verður 5. gr., fellur niður, aftur að orðunum „Sölustjórn getur þó veitt leyfi“, en í þess stað hyrjar greinin þannig: Með þeim undantekningum, sem taldar eru í 4. gr., er öðrum en hlutaðeigandi mjólkurbúum eða samsölu þeirra óheimilt að selja mjólk, rjóma eða nýtt skyr í kaupstað eða kaupstöðum verðjöfnunarsvæðisins.

Síðari málsgrein þessarar lagagreinar fellur niður.

7. gr.

Í stað orðanna „mjólkursölunefnd“ í þriðju málsg. 7. gr. laganna, er verður 6. gr. þeirra, og „landbúnaðarráðherra“ og „ráðherra“ í síðustu málsgrein, komi á öllum stöðunum: mjólkurmálastjórn.

8. gr.

8. gr. laganna fellur niður, en í stað hennar kemur ný grein, er verður 7. gr. og hljóðar svo:

Á hverju verðjöfnunarsvæði skal skipuð mjólkursölunefnd, og eiga sæti i henni fulltrúar, búsettir á verðjöfnunarsvæðinu, einn frá hverju viðurkenndu mjólkurbúi, og einn fulltrúi kosinn sameiginlega af framleiðendafélögum umdæmisins. Þó skal þeim mjólkurbúum, er veita móttöku meira en 2 milljónum lítra mjólkur á ári, heimilt að velja 2 menn i nefndina. Skulu fulltrúar þessir kosnir á almennum fundi félaga hvers mjólkurbús og af framleiðendafélögum til eins árs i senn, og fer kosningin fram i febrúarmánuði ár hvert, svo tímanlega, að hin nýkjörna nefnd geti tekið við störfum 1. marz hins sama árs. Velur mjólkursölunefnd sér formann og skiptir með sér störfum að öðru leyti.

Á fundum mjólkursölunefndar ræður afl atkvæða, en séu jafnmargir með og móti því, sem tekið er til úrskurðar, ræður formaður úrslitum.

Þóknun til mjólkursölunefndar fær hver hinna kjörnu nefndarmanna frá mjólkurbúi því, framleiðendafélagi eða framleiðendafélögum, sem hann er kjörinn fyrir. Skal þóknun ekki vera hærri en 10 krónur til hvers nefndarmanns fyrir dag hvern, sem hann er að starfi frá heimili sínu.

9. gr.

Ný grein, er verður 8. gr. laganna, svo hljóðandi:

Sé aðeins eitt viðurkennt mjólkurbú eða framleiðendafélag á verðjöfnunarsvæði, gegnir stjórn búsins eða félagsins störfum mjólkursölunefndar fyrir umdæmið.

10. gr.

9. gr. laganna orðist þannig:

Störf mjólkursölunefndar eru þessi:

1. Að ákveða útsöluverð mjólkur og mjólkurafurða á hverjum sölustað verðjöfnunarsvæðisins, og skal útsöluverð jafnan reiknað út, eftir því sem við verður komið, með sérstöku tilliti til þess, að framleiðendur fái svo sem verða má kostnaðarverð fyrir vöru sína, án þess að greiður og góður markaður, miðað við neytluþörf og kaupgetu, skerðist á sölustöðum.
2. Að ákveða og stjórna sölutilhögun og dreifingu mjólkur og mjólkurafurða á hverjum sölustað verðjöfnunarsvæðisins, í samræmi við þær nánari reglur, sem settar eru í lögum þessum.
3. Að gera tillögur um verðjöfnunargjald á verðjöfnunarsvæðinu, er ákveðst síðar af mjólkurmálastjórn. Hefir mjólkursölunefnd yfirumsjón með innheimtu þess gjalds.
4. Að hafa yfirstjórn verðjöfnunarsjóðs og ákveða uppbætur úr honum, ef stjórnir viðurkenndra mjólkurbúa á svæðinu koma sér ekki saman um verðjöfnunina.
5. Að jafna ágreining milli mjólkurbúa eða framleiðendafélaga á verðjöfnunarsvæðinu um skipulag og viðskipti þeirra á milli. Skal mjólkursölunefnd meðal annars beita sér fyrir því, að bændur leiti hluttöku i mjólkurbúunum, svo sem hezt hentar, eftir staðháttum og annari aðstöðu.
6. Að leita með allri kostgæfni samstarfs og vinsamlegra skipta við neytend-

ur, og taka, svo sem unnt er, tillit til þarfa þeirra og óska, viðskiptunum til örvunar.

7. Að tryggja sem bezt, að söluvaran sé góð og fullnægi hreinlætis- og heilbrigðisskilyrðum.
8. Að beita sér fyrir því, að mjólk og mjólkurvörur flytjist ekki án brýnna nauðsynja á milli verðjöfnunarsvæða, og að ákvæða laga þessara þar að lútandi sé gætt.

11. gr.

Ný grein, er verður 10. gr. laganna og hljóðar svo:

Til forstöðu þeirrar sölumiðstöðvar eða stöðva, sem stofnað er til samkvæmt lögum þessum, velur mjólkursölunefnd framkvæmdarstjóra og annað starfsfólk, eftir því sem nauðsyn krefur, og ákveður starfslaun. Reikningur um samsöluna og rekstur hennar, sundurliðaður og glöggur, skal gerður eftir hvern mánuð, framleiðendum þeim, er hlut eiga að máli, til sýnis. Ber mjólkursölunefnd að gæta þess vel, að fyllstu hagsýni og sparnaðar sé gætt við allan rekstur samsölnunnar.

12. gr.

Ný grein, er verður 11. gr. laganna, svo hljóðandi:

Skipuð skal mjólkurmálastjórn, er hafi með höndum, fyrir land allt, yfirumsjón þeirra málefna, er lög þessi taka til. Í stjórn þessa velur stjórn Búnaðarfélags Íslands einn mann, handalag það, er mjólkursölunefndir gera með sér, eða mjólkursölunefnd eins verðjöfnunarsvæðis, ef slík nefnd er eigi til fyrir fleiri en eitt umdæmi, velur annan manninn, og þann þriðja skipa landbúnaðarnefndir Alþingis. Skal sá siðastnefndi vera sérfróðnr um hollustuskilyrði og meðferð allrar mjólkurvöru. Velur mjólkurmálastjórn sér sjálf formann, og gildir skipun hennar til tveggja ára í senn. Þóknun til stjórnarmanna greiðist úr ríkissjóði.

13. gr.

Ný grein, er verður 12. gr. laganna og hljóðar svo:

Verkefni mjólkurmálastjórnar skulu vera:

1. Að ákveða verðjöfnunarsvæðin.
2. Að ákveða verðjöfnunargjald hvers umdæmis, að fengnum tillögum hlutaðeigandi mjólkursölunefndar.
3. Að líta eftir rekstri mjólkurbúanna og rjóma- og smjörbúa og styðja að því, að búin gæti allrar hagsýni og sparnaðar og leysi þannig af höndum ætlunarverk sín, að þau svari tilganginum. Viðurkennir mjólkurmálastjórn mjólkurbú hæg til starfrækslu, og gerir tillögur til landbúnaðarráðherra, er löggildir þau eftir tillögum hennar, um að svipta beri bú réttindum, samkv. lögum þessum, ef stórkostlegar misfellur eru á rekstri þess eða vinnslu.
4. Að hafa yfirumsjón með mjólkursamsölu og meðferð mjólkurvöru á sölustöðum, því til tryggingar, að varan sé góð og heilnæm og heilbrigðisskilyrða gætt við sölna. Sker mjólkurmálastjórn úr, ef mjólkursölunefnd greinir á í þessum efnunum eða sér þar ekki um nauðsynlegar aðgerðir.

5. Að úrskurða um ágreining, er rís um mjólkurmál, þar á meðal nauðsynjalausan mjólkurvöruflytning milli verðjöfnunarsvæða, og einnig innan sama umdæmis, ef mjólkursölunefnd tekst eigi að leysa þann ágreining.
6. Að hafa eftirlit með því, að mjólkurafurðir verði ekki fluttar til landsins, nema brýn nauðsyn beri til, enda hafi mjólkurmálastjórn ákvörðunarétt um slíkt.
7. Að gera tillögur um til ríkisstjórnar, hvort rétt muni og ráðlegt að reisa ný mjólkurbú, þar sem slíkt er í ráði.
8. Að kynna sér og gera tillögur um til Alþingis og ríkisstjórnar, hvað bezt horfi til þróunar og hverju helzt sé ábótavant um vinnslu og verzlun mjólkurvöru.
9. Að setja reglugerð eða reglugerðir samkvæmt lögum þessum og þeim til skýringar. Skulu þær reglugerðir staðfestar af landbúnaðarráðherra.

14. gr.

Á eftir orðunum „mjólk og mjólkurafurðir, að láta“ í 10. gr. laganna, sem verður 13. gr. þeirra, komi: mjólkurmálastjórn og, – og síðar í gr. komi í stað orðanna „sem hún óskar eftir“: sem stjórn eða nefnd óskar eftir. Í stað orðanna „sem nefndinni þykir máli skipta“, í niðurlagi sömu gr., komi: sem mjólkurmálastjórn eða nefndinni þykir máli skipta.

15. gr.

Í síðari málsgr. 11. gr. laganna, er verður 14. gr., komi í stað orðsins „mjólkursölunefnd“: mjólkurmálastjórn.

16. gr.

12. gr. og 13. gr. laganna verða 15. og 16. gr.

17. gr.

Í 14. gr., er verður 17. gr., komi í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“: Mjólkurmálastjórn. Í stað orðanna „Jafnframt er honum heimilt“ síðar í sömu gr. komi: Jafnframt er henni heimilt.

Aftan við þessa lagagr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Landbúnaðarráðherra setur mjólkurmálastjórn starfsreglur samkvæmt lögum þessum.

18. gr.

Í staðinn fyrir „(sbr. 5. gr.)“ í síðustu málsgr. 15. gr., er verður 18. gr., komi: (sbr. 4. gr.).

19. gr.

16. og 17. gr. laganna verða 19. og 20. gr.

20. gr.

Ákvæði um stundarsakir fellur niður.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

22. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlzt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 17. janúar 1935 og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Flutningur frumvarps þessa er viðleitni til að bæta úr þeim göllum mjólkurlaganna, er einkum hafa valdið óánægju á meðal bænda þeirra, sem að lög-unum eiga að búa. Er það tvennt, er hér skiptir belzt máli og breytingarnar lúta að: annað stjórnarfyriřkomulag hinna skipulagsbundnu mjólkurmála, og þá sérstaklega, hverjir skulu ráða þar mestu um, og hitt, hve langt þær takmarkanir á viðskiptafrelsi mjólkurframleiðenda eigi að ná, er skipulagið hefir í för með sér. Skal hér farið nokkrum orðum um þessi atriði, hvort um sig.

Jafnframt því sem mjólkurbúin voru reist og málnytan fékk aukið gildi, varð sunnlenzkum bændum það ljóst þegar í stað, að mikið vantaði á til þess, að sölutilhögun og meðferð mjólkur og mjólkurvöru væri í viðunandi horfi, er til höfuðstaðarins kom. Samstarf mjólkurbúanna þurfti að aukast og batna, meðferð vörunnar á sölustað þurfti að fullnægja á þann hátt, að hreinlætis- og heilbrigðisskilyrða væri gætt, og einkanlega var öllum hlutaðeigendum það áhugamál, að verðlagsfesta kæmist á og að hinn mikli dreifingar- og sölukostnaður gæti minnkað. Það var þannig af þörf og samkvæmt almennum vilja, að ríkisstjórn og Alþingi sneru sér að lagasetningu, mjólkurmálunum til skipulags.

En ekki var langt að biða þess, að ágreiningur risi um lög. Flestir játuðu að visu, að mest mundi undir því komið, hvernig þeir, er lög þessi fengu forráð mjólkurmálanna í hendur, beittu valdi sínu, en mörgum þótti þó þegar í stað ýmsu ábótavant í hinum beinu ákvæðum laganna, og þegar svo sundurþykkjan fór vaxandi um framkvæmd þeirra, greip óánægjan meir og meir um sig viðvíkjandi ýmsu því, er í lögnum stóð. — Það eru þau andmæli, er þannig eru fram komin og á rökum þykja reist, sem með frv. þessu er reynt að færa til betri vegar og nefnt er í byrjun greinargerðarinnar, í hverju helzt eru fólgin.

Sú meginbreyting, sem frv. þessu er ætlað að gera á mjólkurlögnum, lýtur að því, að stjórn þeirra málefna sé krókaleiðalaust falin framleiðendunum sjálfum, fulltrúum, er bændur velja millileiðalaust fyrir hvert verðjöfnunar-svæði. Og til yfirstjórnar mjólkurmála fyrir land allt skal sömu stefnu haldið, menn þar valdir til af þeim, er sérstaklega hafa trúnaðarstörf bænda með höndum, svo sem Búnaðarfélagi Íslands og landbúnaðarnefndum Alþingis, er hljóta að skipast þeim mönnum, er hafa óskiptan vilja til að gæta hagsmuna stéttarinnar og ætla verður, að alltaf hafi nokkra yfirlitsþekkingu á framleiðslu- og viðskiptamálum bænda. Þetta viðhorf er bið sjálfsagða, fyrst og fremst af því, að það er þjóðfélaginu hollast og fyrir beztu, að hver stétt lands-

manna njóti sem mests frelsis um störf sín og framleiðslu og fái tækifæri til að efla þroska sinn með ráðstöfunarrétti á vöru sinni og lífsbjargræði, innan þeirra takmarka, er frjálsleg löggjöf gefur bendingar um og markar höfuðstefnur í meðferð þeirra mála. Í þessum efnum er þess einnig vel að gæta, að það, sem nú háir einkum í framkvæmd mjólkurlaganna, ósamkomulagið, ætti að hverfa úr sögunni, ef bændur fengju sjálfir umráð þessara framleiðslumála sinna, því að séu þeir þar ekki truflaðir af annarlegum öflum, hlýtur viðhorf þeirra og vilji að vera á einn og sama veg, að gera framleiðslu sína örugga og arðmikla markaðsvöru. En til þess að svo megi verða þarf pólitískur flokkadráttur að gerast útlægur, en sameiginleg hagsmunaaðstaða koma í staðinn. — Þar sem oft skiptir um ríkisstjórnir, meira og minna litáðar af ákveðnum stjórnmalastefnum, með úlfúð í öndvegi, er auðsætt, að slíkt hagsmunamál bænda og það, er hér um ræðir, þarf að fá festu, er standi af sér allar þessháttar sveiflur í stjórnarfari landsins. Það er því hentugast fyrir ríkisstjórnina, nú og síðar, að leysa úr sínum höndum alla verulega íhlutun um meðferð mjólkurmála, en beita sér í stað þess fyrir því, að bændur njóti sjálfsákvörðunarréttar, þar sem skipulagslögin eru aðeins útvörður og verja hins frjálsa viðskiptalífs. — Það á engin hætta að vera á því, að bændur beiti neytendur órétti og ósanngirni í viðskiptum, þótt þeir stjórn sjálfir þessum málum; til þess eiga þeir allt of mikið á hættu. Hagsmunir seljanda eru ekki hvað sízt undir því komnir, að kaupendur séu ásáttir og að viðskiptavinum sé að mæta þar sem þeir eru. — Í frumvarpi þessu er svo ákveðið, að stjórn mjólkurmála á hverju verðjöfnunarsvæði fái þóknun fyrir störf sín frá þeim, er skipa þá til starfs, en mjólkurmálastjórn starfi hinsvegar á kostnað ríkisins. Er það sanngjarnast og bezt í samræmi við verkaskiptingu þessara forráðamanna.

Verði frumvarp þetta að lögum, er þess fastlega vænzt, að friður fái um mjólkurmálin, verkaskipum ákveðist betur en verða má eftir lögum þeim, sem fyrir eru, og svari betur til alls viðhorfs og þróunar mjólkurframleiðslunnar, og þá má einnig gera sér yonir um bættan hag mjólkurbúanna, er bændum gefst sjálfum kostur á að ráða innanlandsverzlun sinni og gæta þar þeirrar hagsýni og sparnaðar, sem nauðsynin krefur.

Eins og frumvarpið ber með sér og drepið hefir verið á, er markmið þess öðrum þræði að auka að nokkru viðskiptafrelsi mjólkurframleiðenda og bæta úr misrétti, sem nú á sér stað í þeim efnum.

Úr því að mjólkurlögin heimila framleiðendum innan lögsagnarumdæmis kaupstaða að selja mjólkina beint til neytenda, þá eru engin skynsamleg rök til fyrir því, að varna þeim, sem ekki eru félagar í mjólkurbúum og eiga við vegalengdir og samgönguferfiðleika að etja, sölu á rjóma og skyri til neytendanna. Búsafkoma ýmsra þeirra bænda, er þannig er ástatt um, stendur og fellur með því, hvort þeim eru heimiluð þessi viðskipti eða bönnuð. Og sé nýmjólkursala nágretnisbænda beint til neytenda forsvaranleg, miðað við hollustu og hreinlæti, þá hlýtur rjómi frá afdalabóndanum að vera það að sama skapi. Undanþága þessi er og því meinlausari gagnvart mjólkurbúunum, er mjólkursölunefnd ákveður hér, hvað leyfa skuli, og er það nærri hið sama og að mjólk-

urbúin sjálf veiti undanþáguna. Það er og verulegt atriði þegar um þetta er rætt, að mjög er vafasamt, að búunum sé ætíð hagkvæmast að taka á móti sem mestri mjólk, eða knýja þá, sem ófúsir eru, til hluttöku; markaðsviðhorfið í hvert sinn segir þar bezt til vegar. --- Það verður engum til hagræðis, að lögin séu svo harðúðug, að fátækur bóndi, er lifir við hin örðugustu afkomuskilyrði, sé tekinn sem „sprútt“sali eða aðrir hálfgildings glæpamenn, á leiðinni í kaupstaðinn með rjómabrusa eða skyrdall.

Í sama skyni, viðskipta- og atvinnufrelsinu til varðveizlu, en mjólkurbúunum að meinlausu, er hér ætlað til, að smjör- eða rjómahú, sem fyrir eru, fái óhindruð að starfa áfram, og jafnframt, að úr lögunum sé numið það ákvæði, að taka megi sveitir, sveitarhluta o. s. frv. undir dreifingarrétt mjólkurbúa eða sölubúða þeirra. Söluhömlur þær, er mjólkurlögin leggja á að öðru leyti, eru nægilegar gagnvart slikum sveitum eða sveitahlutum, þótt þessu ákvæði sé sleppt. Þá verður eigi séð nein nauðsyn á því, að lögin hafi ákvæði um, að stjórn samsölnunnar taki í sínar hendur sölu og dreifingu annarar mjólkurvöru en þeirrar, er helzt skiptir máli, þ. e. mjólkur, rjóma og nýs skyrs. Mjólkurbúin hafa það ætíð í hendi sér, án sérstakra lagafyrirmæla, hverja verzlunaraðferð þau telja bezt henta fyrir þessar vörur sínar, og geta þau þá hagað sölnunni þannig á hverjum tíma, er þeim þykir arðvænlegast.

Í mjólkurlögunum er réttilega gert ráð fyrir, að þau þurfi hráðrar endurskoðunar við, ekki síðar en á reglulegu Alþingi 1936. Reynslan hefir þegar sýnt, að endurskoðun laganna er svo aðkallandi, að hún ætti fram að fara á því Alþingi, sem nú situr að störfum.